

Leikskólinn Álfheimar

Ársáætlun; 1.september 2015 - 31.ágúst 2016.



Virðing - Hlýja - Traust

Efnisyfirlit.

Formáli

1. Foreldrafundir í Álfheimum, haust 2015
2. Starfið komandi leikskólaár.
Sérstakar áherslur í starfinu komandi
3. Dagskipulag.
4. Barnahópurinn
Samsetning hópsins – fjöldi nýrra barna.
5. Starfsmannahópurinn
Samsetning hópsins
6. Leikskóladagatalið 2015 - 2016
7. Foreldraráð
8. Almennar upplýsingar.
 - a) Skólaþjónusta Árborgar
 - b) leik
9. Umhverfissáttmáli Álfheima

Foreldrafundir í Álfheimum September/október 2015



Völusteinn: Þriðjudaginn 22. september

Óskasteinn: Fimmtudaginn 24. September

Álfasteinn: Miðvikudaginn 30. September.

Dvergasteinn: Fimmtudaginn 1. Október.

Dagskrá:

- Vetrarstarfið kynnt
- Skólanámskrá Álfheima
- Fulltrúar í foreldraráð 2015-2016
- Önnur mál.

Kaffi á könnunni.

Aðaláherslur í starfi leikskólans Álfheima.



Markmið og leiðir

1. Að starfsfólk sýni börnunum virðingu, hlýju og ástúð í allri umgengni.
2. Að barnið fái ábyrga og faglega umönnun bæði andlega og líkamlega.
3. Í Álfheimum eiga börn að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti.
4. Að uppeldisstarfið sé unnið í nánú samstarfi við foreldra.
5. Öll samskipti mótist af **virðingu, hlýju og trausti**.

.Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins og aðal kennslutækið. Í leik lærir barn margt sem enginn getur kennt því. Í leik felst því mikið sjálfsnám, honum fylgir bæði gaman og alvara. Þátttaka fullorðna fólksins í leik barnanna skipar stóran sess í starfi Álfheima. Það hefur ótvírætt gildi að taka þátt í leik barnanna á þeirra forsendum. Þannig veður skilningur fullorðna fólksins á tilfinningum barnanna og á ýmsum þörfum þeirra betri og næmari. Fyrir barnið verður sá sem leikur við það vinur þess og félagi. Til þess að leikurinn geti þróast og eflst þarf barnið upplifun, hugmyndaflug og efnivið.

Leikskólaárið hefst ávallt á aðlögun nýrra barna og starfsfólks. Að þessu sinni eru 20-25 nýnemar sem innritast í leikskólann Álfheima. Alls eru 87-90 börn við nám í leikskólanum.

Deildarskipan er eftirfarandi:

Á Völusteini börn fædd 2010

Á Óskasteini börn fædd 2011

Á Álfasteini börn fædd 2012

Á Dvergasteini börn fædd 2013 og 2014

Þemavinna leikskólans tengist náttúru- og umhverfismennt og fléttast inn í öll námssvið leikskólans, leikinn, daglegt líf, málrækt, myndsköpun, hreyfingu, útiveru, tónlist og menningu og samfélag.



Skógarferðir eru einu sinni í viku. Farið er með þrjá elstu árgangana í 10- 14 barna hópum. Markmiðið er að börnin fái tækifæri til að leika sér úti í náttúrunni og njóta hennar.

Yngstu börnin fara í skógarferðir út á ”engi” í móann sem liggur meðfram Engjavegi.

Leikskólinn Álfheimar er skóli á grænni grein en hann hefur frá því í júní 2004 flaggað Grænfánanum sem er alþjóðlegt merki um gott umhverfisstarf í skólum og skipar vistvernd í verki stóran sess í starfi skólans. (sjá meðfylgj. umhverfissáttmála Álfheima).

Grænfáninn er afhentur til tveggja ára í senn og fékk leikskólinn hann endurnýjaðan 2006 , 2008, 2010, 2012 ,2014 og stefnir að nýjum 2016.

Tákn með tali á sér fastan sess í starfi leikskólans. Leitast er við að nota táknin sem mest í öllum daglegum samskiptum, hvert barn og allt starfsfólk á sitt eigið tákn.

Fjölmennung – börn af erlendum uppruna eru nú 16 talsins og í leikskólanum starfa 4 starfsmenn af erlendum uppruna

Í Álfheimum er aðaláherslan sú að bæði börnum og starfsfólki líði vel hlakki til morgundagsins og að samskiptin séu með þeim hætti að **virðing, hlýja og traust** séu í öndvegi í öllum samskiptum innan leikskólans.



Þróunarverkefni Álfheima “út um mó inn í skóg” verkefni í náttúru – og umhverfismennt með áherslu á útiveru er stór þáttur í öllu starfi Álfheima. Anna Gína Aagested leikskólakennari hefur umsjón með náttúru- og umhverfismennt leikskólans.

Þróunarverkefni Álfheima og Vallaskóla ”gullin í grenndinni”, verkefnastjóri er Anna Gína Aagestad. Þetta er samstarfsverkefni þessara skólastiga og í því taka þátt elstu nemendur leikskólans og 1-6 bekkur grunnskólans ásamt kennurum þessara árganga.

Þróunarverkefnið Árangursríkt læsi í leikskólum Árborgar 2014-2015
Markmið þessa verkefnis var að auka hæfni, þekkingu og leikni barna í læsi í fimm leikskólum. Þróaðar voru markvissar sögu- og samræðustundir sem fara skyldu fram daglega, með áherslu á aukinn hlustunar- og málskilningi barna, aukinn orðaforða, hugtakaskilning og tjáningu. Þetta verkefni heldur áfram og er í raun aldrei lokið.

Ný skólanámskrá Álfheima frá 2015

Í aðalnámskrá leikskóla sem kom út 2011 segir að henni sé ætlað að vera leiðbeining fyrir sveitarfélög við mótun stefnu um skólahald. Leikskólar geta farið fjölbreyttar leiðir að sama marki með hliðsjón af hugmyndafræði leikskólans og aðstæðum á hverjum stað. Hver leikskóli mótar sínar starfsaðferðir og setur þær fram í skólanámskrá og starsáætlun leikskólans.

Húsnæði og búnaður leikskóla, leikvöllur og nærumhverfi mynda námsumhverfi leikskóla því leiksólabörn læra bæði úti og inni (Aðalnámsskrá leikskóla, 2011 bls.39).

Námsumhverfi leikskólans Álfheima er fjölbreytt og nær langt út fyrir skólalóðina. Börn, foreldrar og starfsmenn eiga að fá tækifæri til að koma að skipulagningu námsumhverfisins.



Nálgað má Skólanámskrána á heimasíðu Sveitarfélagsins

Dagskipulag Álfa, - Dverga – Óska - og Völusteins 2015 – 2016

Dagskipulag hverrar deildar er hugsað út frá því að nægur tími gefist fyrir frjálsan leik barna. Allir þættir í dagskipulaginu eiga að vera í góðri samfellu og mynda ákveðna heild út frá þörfum barnanna.

Kl:7.45 – 8.15	Frjáls leikur.
Kl:8.15 – 8,45	Morgunmatur.
Kl:8,45 - 11.15	Frjáls leikur. Hópstarf. Tónlist.Hreyfing í sal. Kubbatímar. Útivera. Gönguferðir. Skógarferðir. Sögustundir.
Kl:11.15 - 12.00	Söngur og tónlistarstundir.
Kl:11.15 –13,00	Hádegisverður/ sögustund/ hvíld.
Kl: 13.00 - 15.00	Frjáls leikur. Hópstarf. Tónlist. Hreyfing í sal. Kubbatímar.Útivera. Gönguferðir.Skógarferðir
Kl:14.30 - 15.30	Nónhressing.
Kl:15.30 - 17.15.	Sögustundir - Frjáls leikur – Leikur í sal.

Á fimmtudögum er sameiginleg söngstund í sal kl:9,00 – 9,15.

Leikskóladagatal 2015-2016.



Á leikskóladagatalið, eru merktir inn allir hátíðis – og tyllidagar í Álfheimum og annað sem við kemur leikskólastarfinu. Hægt er að nálgast það á heimasíðu leikskólans alfheimar.arborg.is

Starfsmannahópurinn 2015-2016

Ingibjörg Stefánsdóttir
Margrét Jóna Ólafsdóttir
Lísbet Nílsdóttir
Anna Gina Agedsted

Kristín Þóra Albertsdóttir

leikskólastjóri ingibjorg@arborg.is
aðstoðarleikskólastjóri mjo@arborg.is
sérkennslustjóri lisbet@arborg.is
verkefnastjóri náttúru/umhverfismennt
í framhaldsnámi
starf í leikskóla

Dvergasteinn
Birna Jóhanna Sævarsdóttir
Jill Renea Róbertsson
Dagný Davíðsdóttir
Steinunn Elfa Jóhannsdóttir

deildarstjóri/leikskólakennari
grunnskólakennari
starf í leikskóla
starf í leikskóla

Álfasteinn:
Guðný Birgisdóttir
Lieselot Simeonen
Áslaug Ýr Bragadóttir
Sunna Mjöll Albertsdóttir
Elísa Einarsdóttir

deildarstjóri/leikskólakennari
leikskólakennari
starf í leikskóla
starf í leikskóla
starf í leikskóla

Vildís Ósk Harðardóttir
Harpa Hrönn Gísladóttir

starf í leikskóla
leikskólaleiðbeinandi A
í framhaldsnámi

Óskasteinn:
Hanna Rut Samúelsdóttir
Sólrún Ósk Kristinsdóttir
Sólveig V. Stefánsdóttir
Guðrún Anna Lúðvíksdóttir

deildarstjóri/leikskólakennari
starf í leikskóla/*í leikskólakennaranámi.*
starf í leikskóla
starf í leikskóla

Völusteinn:
Eva Hrönn Jónsdóttir
Aneta Figlarska
Sævald Viðarsson

deildarstjóri/ í framhaldsnámi
leikskólakennari
leikskólaleiðbeinandi B

Vigdís Hjartardóttir
Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir

starf í leikskóla
starf í leikskóla

Í eldhúsi:
Hrönn Jónsdóttir
Malgorzata Bujik

aðstoð í eldhúsi
aðstoð í eldhúsi/ starf í leikskóla.

Ræsting: Ásta Hallsdóttir

Í veikindaleyfi er: Hjördís Guðlaugsdóttir leikskólakennari

Almennar upplýsingar:

Leikskólinn Álfheimar hóf starfsemi sína 13. desember 1988.

Heimilisfang;
Leikskólinn Álfheimar
Sólvellir 6
800 Selfoss

Sími: 480-3240

Netfang: alfheimar@arborg.is

Leikskólastjóri:

Ingibjörg Stefánsdóttir
ingibjorg@arborg.is

sími 480-3242

Aðstoðarleikskólastjóri;

Margrét Jóna Ólafsdóttir
mjo@arborg.is

sími 480-3243

Foreldraráð.

Foreldraráð er starfandi við leikskólann Álfheima. Í því eiga sæti 4 aðalmenn og 4 varamenn, 2 foreldrar af hverri deild

Foreldraráð fundar einu sinni í mánuði með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

Skólaþjónusta Árborgar

Fræðsluvið Árborgar er til húsa í Ráðhúsinu, Austurvegi 2, 800 Selfoss

Opið mánudaga – fimmtudaga frá kl. 08:00-16:00

föstudaga frá kl. 08:00 – 15:00

Fræðslustjóri: Þorsteinn Hjartarson

thorsteinnhj@arborg.is

Sími: 480-1900 Fax: 480-1901

Umhverfissáttmáli Álfheima 2014-2016



Úr skólanámskrá Álfheima

Börn þurfa að fá að upplifa náttúruna, komast í lifandi tengsl við hana og njóta hennar sér til yndisauka. Þau þurfa að öðlast þekkingu á náttúrunni í samræmi við þroska sinn og skilning og tengjast henni á jákvæðan og heilbrigðan hátt. Náttúran er stöðugt undrunarefni. Opna þarf augu barnanna fyrir fegurð náttúrunnar og vekja virðingu fyrir henni og ábyrgðarkennd.

Úr gæðahandbók Álfheima.

Í umhverfisvænni uppeldisstefnu Álfheima segir að flokka skuli sorp og endurnýta það eins og hægt er og vera sparsamur í neysluvenjum.

Náttúra og umhverfismennt.

- Börnin fara í ferðir (skógarferðir) á svæði utan leikskólans og heimsækja það vikulega, leika sér þar og fylgjast með árstíðabreytingum.
- Í slíkum ferðum er vakin virðing barnanna fyrir náttúrunni og þeim kennt að ganga vel um landið okkar.
- Ferðirnar eru aldrei felldar niður og eru farnar í öllum veðrum.
- Börnin kynnast dýrum, fuglum og jurtum. Krumma er gefinn matur frá því í nóvember og fram á vor.
- Ferðirnar eiga að vera skemmtilegar samverustundir úti undir berum himni þar sem frjálsi leikurinn er í fyrirrúmi. Með því að vera mikið úti upplifa börnin veðrið í mismunandi mynd og þau fylgjast með ýmsum ferlum í náttúrunni ásamt árstíðarbreytingum.
- Í umhverfisvænni uppeldisstefnu Álfheima er lögð áhersla á að allir taki virkan þátt í að flokka sorp og endurnýta það eins og hægt er og vera sparsamur í neysluvenjum.
- Öll börn hafa farið í heimsókn í Rauða krossinn, endurvinnsluna og Nytjamarkaðinn og kynnt sér starfsemi þessara stofnana þegar þau ljúka námi.
- Börnin geri sér grein fyrir tilgangi umhverfisvænna lífshátta.

Nemendur og starfsfólk Álfheima er sammála um að:

- Að ganga vel um náttúruna m.a. að muna eftir poka til að tína rusl í þegar farið er skógar- og gönguferðir.
- Að flokka alla matarafganga í lokaða kassa til moltugerðar.
- Að börnin skoli allar fernur og fara með í bláa gáminn (muna að brjóta vel saman).
- Að nýta pappír vel og flokka hann.
- Að búa til pappír
- Að flokka ál, pappa, og plast og því losað í viðeigandi gáma sem eru við Álfheima. Spilliefni og gler er losað á Gámastöð.
- Að allir peningar sem inn koma við söfnun á plasti og glerjum rennur í tækjakaup eða ferðasjóð.
- Að spara rafmagn eins og við getum með því að slökkva í mannlausum herbergjum og á tækjum sem ekki eru í notkun.
- Að stuðla að samstarfi leik- og grunnskóla í náttúru—og umhverfismennt.
- Að ganga vel um skólann, skólalóðina og skóginn okkar.
- Að setja kurl yfir sárin á jörðinni í skóginum.
- Að halda rafmagnslausan dag í janúar
- Að hafa bíllausan dag á degi umhverfisins 25.apríl ár hvert.
- Að hafa hjóladaga í maí og júní
- Að halda upp á dag íslenskrar náttúru 16. september.
- Að taka þátt í ”Hjólað í vinnuna – ”Ísland á iði” ár hvert.
- Að taka þátt í Lífshlaupinu 5. – 25. febrúar ár hvert.
- Að taka þátt í ”grænum apríl” sem er verkefni hugafólks um umhverfismál hrinti í framkvæmd í fyrsta sinn árið 2011. Markmiðið er að fá ríkisstjórnina, sveitarfélög, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga til að kynna vöru, þekkingu og þjónustu sem er græn og umhverfisvæn og styður við sjálfbæra framtíð á Ísland. Í leikskólanum var bíllaus dagur og tiltekt á úti – og innisvæðum. Börn og starfsfólk mætti í grænum fötum og bakaðar voru grænar kökur.
- Að tileinka sér útiöldun sem er orðin partur af starfsemi leikskólans. Góð aðstaða er til útiöldunar á leikskólalóðinni.

Sáttmálinn samþykktur í mars 2014.

Var endurmetinn í janúar 2015

Verður endurmetinn í janúar 2016

